

## Allsherjar- og menntamálanefnd

### Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um *Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð* Þingskjal 1182 – 703 mál. 151. löggjafarþing 2020-2021

Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, fagnar tillögum um endurskoðun á lagaumgjörðinni frá 2003 og fyrirbyggjandi frumvarpi, sem snýr fyrst og fremst að því að styrkja langtímastefnumótun í vísinda- og nýsköpunarmálum í heild sinni.

Í umsögn Rannís um drög að frumvarpi sem lagt var fram í samráðsgátt stjórnvalda 10. mars sl. var bent á að heppilegt hefði verið að endurskoða heildarlöggjöfina frá 2003 þ.e. lög um Vísinda- og tækniráð, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (Rannsóknasjóð, Markáætlun, Innviðasjóð og Rannsóknamiðstöð Íslands). Sú ábending á enn frekar við nú þegar Alþingi hefur samþykkt nýja löggjöf um opinberan stuðning við nýsköpun og um Tækniþróunarsjóð. Rannís hefur væntingar um að það verði gert sem fyrst.

Í umsögnum Rannís um drög að frumvarpi og skýrslu vinnuhóps um endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs var vakin athygli á að með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu er horfið frá grasrótarhugmyndum um stefnumótun í málaflokknum yfir í sk. „top down“ aðferðarfræði með því að koma á fót ráðherraefnd, þar sem ráðuneyti og ráðherrar taka í sameiningu ákvörðun um stefnu og aðgerðir til skemmri og lengri tíma. Það er eðlilegt að svo sé, en leggja ber áherslu á mikilvægi Vísinda- og nýsköpunarráðs sem sjálfstæðs ráðgjafarráðs fyrir ráðherraefndina og að gert sé ráð fyrir reglulegum fundum ráðherraefndarinnar. Grasrótarumræða er mikils virði og hefur slík umræða farið fram innan Vísinda- og tækniráðs þar sem núverandi ráð er bæði ráðgefandi og stefnumótandi, en frumvarpið gerir ráð fyrir að Vísinda- og nýsköpunarráðið takist á við að efla samfélagsumræðu um vísindi, nýsköpun og tækni með fagleg og lýðræðisleg sjónarmið að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að nýtt ráð leggi mikla áherslu á grasrótarumræðu sem skiptir máli fyrir stöðu og lýðræðislega þróun málflokksins. Mikilvægt er að tryggja að samfélagsumræðan endurspeglar í ráðgjöf Vísinda- og nýsköpunarráðsins til ráðherraefndarinnar.

Ástæða er til að fagna sérstaklega markmiði laganna varðandi áherslu á stefnumótun og samhæfingu vísinda, nýsköpunar og tækni. Áhersla á langtímasýn til 10 ára sem sé endurskoðuð með reglubundnum hætti er jafnframt til mikilla bóta. Jafnframt er til bóta að lengja skipunartíma ráðgjafaráðsins og tengja hann við kjörtímabil til að skapa tiltrú ráðherraefndar á ráðgjafaráðinu. Samhliða því er mikilvægt að hafa markvissar aðgerðaráætlanir til að fylgja innleiðingu stefnunnar eftir. Mikilvægur þáttur í því eru árlegar skýrslur ráðsins til ráðherra sem bera að leggja fyrir Alþingi. Það er mikilvægt bæði til að veita aðhald við framkvæmd aðgerðaáætlana og í því skyni að efla umræðu á vettvangi stjórnmalanna um framlag vísinda og nýsköpunar til samfélagsþróunar og efnahagslífs.

Rannís fagnar þeirri breytingu sem gerð hefur verið frá frumvarpsdrögum að ekki er fyrirfram skilgreint hvaða ráðherrar sitja í ráðherraefndinni. Verkefni ráðuneyta breytast reglulega með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráð Íslands. Því er mikilvægt að forsætisráðherra á hverjum tíma hafi svigrúm til að gera breytingar á samsetningu ráðherraefndarinnar þannig að hún endurspegli verkaskiptingu ráðuneyta og helstu viðfangsefni vísinda- og nýsköpunar á hverjum tíma.

Rannís fagnar þeim ásetningi sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að áform séu um að samstarfshópur ráðuneyta sem hefur starfað undanfarin ár haldi áfram undir nýju nafni sem muni betur endurspeglar viðfangsefni. Hlutverk hópsins er mjög þýðingarmikið í samhengi við samhæfingu og áherslur, ekki síst með tilliti til alþjóðlegs samstarfs. Mikilvægt er að Rannís hafi aðkomu að því samráði sem framkvæmdaraðili, en stofnunin sér nú um sjóði og samstarfsáætlanir fyrir sex ráðuneyti. Samtals eru opinber útgjöld vegna þessara aðgerða yfir 20 milljarðar króna á árinu 2021. Tekið er undir sjónarmið í greinargerðinni um aukið samstarf ráðuneyta og fyrirséða aukna áherslu á samfélagslegar áskoranir, m.a. að nýsköpun og tæknibreytingar kalli á enn nánara samstarf en áður.

Alþjóðlegt samstarf kallar einnig á breiða sýn innan málaflokksins og nauðsynlegt er að tryggja samhæfingu við alþjóðlega stefnumótun.

Gert er ráð fyrir auknum stuðningi við starf bæði ráðherranefndarinnar og við undirbúning fundu Vísinda- og nýsköpunarráðs. Í starfi Vísinda- og tækniráðs fram að þessu hafa starfsnefndir ráðsins gegnt mikilvægu hlutverki við undirbúning og mótun stefnu. Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir mun færri fundum en tíðkast hefur á undanförunum árum og því er mikilvægt að undirbúningur ráðuneyta sé markviss og unninn í góðu samráði ráðuneyta og ráðgjafaráðsins.

Í 4. gr. kemur fram að starfsmenn ráðuneytisins sem sinnir þjónustu og ráðgjöf skuli vera sjálfstæðir í sínum faglegu störfum og óháðir fyrir mælum frá ráðherra og öðrum. Rannís tekur undir mikilvægi faglegs sjálfstæðis þeirra sem veita þjónustu og ráðgjöf en erfitt kann að reynast í framkvæmd að viðhalda nauðsynlegu sjálfstæði innan ráðuneytis. Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er Rannís falið að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Stofnunin er tilbúin til að takast á við það verkefni og jafnframt að veita Vísinda- og nýsköpunarráði þjónustu eins og verið hefur undanfarin ár gagnvart Vísinda- og tækniráði og nefndum þess.

Ítrekað hefur komið fram að skortur sé á greiningum og áhrifamati af aðgerðum og stöðu málaflokksins hér á landi. Rannís hefur þegar nokkra reynslu af slíkri greiningarvinnu byggða á gögnum stofnunarinnar og er boðin og búin að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd greininga og áhrifamats. Rannís hefur að auki mikla yfirsýn yfir þróun og stöðu þeirra málaflokka sem hér um ræðir, bæði innanlands og erlendis.

Þá kemur fram í greinagerðinni að margir hafi bent á hlutverk vísinda og nýsköpunar við að takast á við brýnar samfélagslegar áskoranir nútíðar og framtíðar. Rannís hefur ítrekað vakið máls á mikilvægi þess að takast á við slíkar samfélagslegar áskoranir, ekki síst í alþjóðlegu samstarfi. Í greinagerðinni er vakið máls á að ráðherranefndin kunni að takast á við þennan vanda með auknu fjármagni í markáætlanir. Rannís telur þá leið mun heppilegri til forgangsröðunar opinberra fjármuna en að settir séu upp fleiri sértækir sjóðir um einstakar áskoranir. Markáætlun gæti einnig verið ákjósanlegur farvegur fyrir þátttöku í alþjóðlega samfjármögnuðum áætlunum um samfélagslegar áskoranir, sem fyrrséð er að muni aukast mjög á næstu árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun leggi áherslur úthlutunarsjóða, þ.e. Rannsóknasjóðs, Innviðasjóðs og Markáætlunar. Það undirstrikar mikilvægi þess að stefna ráðherranefndarinnar hvíli á traustum grunni faglegrar ráðgjafar.

Þá er gert ráð fyrir að stjórnir Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs taki við því verkefni að skipa í fagráð, en vísinda- og tækninefndir hafa haft það hlutverk í núverandi kerfi. Rannís telur það heppilegt fyrirkomulag. Í lögum 3/2003 segir ekkert um fagráð Markáætlunar. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum 3/2003 meðal annars um markáætlanir, þannig að umboð stjórnar Markáætlunar til að skipa fagráð sé tekið fram í lögum.

Umsögnin er unnin í samstarfi stjórnenda Rannís.

Með kveðju

**Hallgrímur Jónasson,**

Forstöðumaður / General Director

Rannís - Rannsóknamiðstöð Íslands / The Icelandic Centre for Research

Borgartún 30, IS -105 Reykjavík, Iceland

s. +354 515 5800

